Hagtíðindi
Statistical Series

Iðnaður
Manufacturing

2008:1 • 1. júlí 2008

# Verðmæti seldra framleiðsluvara 2007
*Value of sold production 2007*

*Samantekt*

**Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2007 var 396 milljarðar króna sem er aukning um tæpa 40 milljarða króna frá árinu 2006 og 9,3% aukning að raungildi. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2007 án fiskvinnslu var 281 milljarður króna samanborið við 242 milljarða króna árið 2006, sem er aukning um rúma 39 milljarða króna milli ára. Í 13 atvinnugreinum af 17 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara. Hlutdeild einstakra atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara er nokkuð stöðug milli áranna 2006–2007 fyrir utan mikla aukningu í framleiðslu málma. Hlutdeild matvæla- og drykkjarvöruiðnaðar er stærst, með 47,1% af heildarverðmæti árið 2007, þar af 29,1% vegna fiskvinnslu.**

## Iðnaðarskýrslur

*Um skýrslugerðina*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2007. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, sem gefur kost á samanburði á framleiðslu hérlendis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þ.m.t. viðgerðarþjónustu.

*Þátttakendur*

Iðnfyrirtæki sem voru með yfir 35 milljónir króna í veltu árið 2007 samkvæmt virðisaukaskattskýrslum fengu sent eyðublað til útfyllingar, alls 605 fyrirtæki. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var þó ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu. Velta fyrirtækjanna vegna iðnaðarstarfsemi árið 2007 var 396 milljarðar króna. Alls veittu 381 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 18 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 85% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra rúmlega 600 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 95% af heildarveltu iðnfyrirtækja í landinu.

*Reglur um birtingu talna*

Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT-atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er síðan sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM-vörunúmer. Verðmæti þeirra vörutegunda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“. Við þá tölu bætist enn fremur verðmæti viðgerðarþjónustu þar sem það á við.

Hagstofa Íslands

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki útiloka birtingu á sundurliðuðum niðurstöðum nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.

**Mynd 1. Hlutdeild atvinnugreina í verðmæti seldra framleiðsluvara 2004–2007**
*Figure 1. Share of industries in total value of sold production 2004–2007*



**Mynd 2. Verðmæti seldra framleiðsluvara (án fiskvinnslu) 2006 og 2007**
*Figure 2. Value of sold production (excl. fish production) 2006 and 2007*




**Skýringar** *Notes*: Myndin sýnir ekki verðmæti seldra fiskafurða sem nam 115 milljörðum hvort ár. *The figure does not show the value of sold fish production which amounted to 115 billion ISK each year (for english translation, see table 1)* .

## Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

*Heildarverðmæti 396 milljarðar króna árið 2007 sem er 9,3% raunhækkun frá 2006*

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 396 milljarðar króna árið 2007 en var 357 milljarðar króna árið 2006 sem er 11% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 1,8% og jafngildir þetta 9,3% hækkun á raunverðmæti. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara án fiskvinnslu jókst um rúm 16,3% milli áranna 2006 og 2007, úr 242 milljörðum króna árið 2006 í 281 milljarð króna árið 2007.

*Verðmæti útfluttra fiskafurða stóð í stað milli ára*

Útflutningsverðmæti framleiddra sjávarafurða var 115 milljarðar króna árið 2007 sem er sambærilegt við fyrra ár. Á sama tíma hefur magnið minnkað um 14%, úr 571 þúsund tonnum árið 2006 í 493 þúsund tonn árið 2007.

*Meiri verðmæti í 13 atvinnugreinum af 17*

Milli áranna 2006 og 2007 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara í 13 atvinnugreinum en dróst saman í fjórum. Framleiðsla málma jókst einna mest, fór úr 67,3 milljörðum króna í 90 milljarða króna milli ára, sem er 33,6% aukning. Í atvinnugreininni nám og vinnsla hráefna úr jörðu nam aukningin 36% eða rúmum 600 milljónum króna. Verðmæti seldrar framleiðslu í húsgagnaiðnaði jókst um 23,2%, verðmæti seldrar framleiðslu og viðgerða í málm- og vélsmíði jókst um 19,5% og í efnaiðnaði jókst verðmæti seldrar framleiðslu um 18,7% milli áranna 2006 og 2007. Í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði nam aukningin 5,8% en verðmæti seldrar framleiðslu fór úr 177 milljörðum króna í 187 milljarða króna milli ára. Verðmæti fiskvinnslu stóð í stað og því jókst verðmæti seldrar matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu án fiskvinnslu um tæpa 10 milljarða króna eða 16,2%.

Milli áranna 2006 og 2007 varð samdráttur hlutfallslega mestur í framleiðslu á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara minnkaði um rúman 1,4 milljarða króna eða um 25,9%. Í útgáfustarfsemi og prentiðnaði nam samdrátturinn 9,5% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um rúma 2 milljarða króna.

## English summary

Total value of sold production amounted to 396 billion ISK in 2007, an increase by 40 billion ISK from previous year, 9.3% in real terms. The value of sold production increased in 13 out of 17 economic activities during this period. Apart from the smallest industries, the manufacture of basic metals showed considerable growth, 33.6%.

The share of each economic activity in the total production was relatively stable between 2006 and 2007. The economic activity of food and beverage manufacture had the highest proportion with a share of 47.1% in 2007 thereof 29.1% in fish production. The share of food and beverage manufacture increased by 5.8% from the previous year.

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2004–2007**
*Table 1. Value of sold production 2004–2007*

| | | 2004 | |
|---|---|---|---|
| | | Verðmæti, milljónir króna *Value, million ISK* | Hlutfall *Percent* |
| | **Alls** ***Total*** | **302.497** | **100,0** |
| | **Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara fyrir utan fiskvinnslu** ***Total value of sold production excluding fish production*** | **189.274** | **62,6** |
| 14 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu *Mining and quarrying* | 1.475 | 0,5 |
| 15 | Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður *Manufacture of food products and beverages* | 166.645 | 55,1 |
| 15.2 | Þar af fiskvinnsla *Thereof fish production* | 113.223 | 37,4 |
| 17 | Textíliðnaður *Manufacture of textiles* | 3.235 | 1,1 |
| 18/19 | Fataiðnaður / Leðuriðnaður *Manufacture of wearing apparel and leather products* | 725 | 0,2 |
| 20 | Trjáiðnaður *Manufacture of wood products* | 3.387 | 1,1 |
| 21 | Pappírsiðnaður *Manufacture of paper and paper products* | 1.867 | 0,6 |
| 22 | Útgáfustarfsemi og prentiðnaður *Publishing, printing and reproduction of recorded media* | 16.290 | 5,4 |
| 24 | Efnaiðnaður *Manufacture of chemicals and chemical products* | 15.709 | 5,2 |
| 25 | Gúmmí- og plastvöruframleiðsla *Manufacture of rubber and plastic products* | 4.818 | 1,6 |
| 26 | Gler-, leir- og steinefnaiðnaður *Manufacture of non-metallic mineral products* | 11.013 | 3,6 |
| 27 | Framleiðsla málma *Manufacture of basic metals* | 42.881 | 14,2 |
| 28/29 | Málmsmíði og -viðgerðir, vélsmíði og vélaviðgerðir *Fabricated metal products, machinery and equipment* | 19.142 | 6,3 |
| 31 | Framleiðsla og viðgerðir rafmagnsvéla/-tækja, fjarskiptabúnaðar/-tækja *Manufacture of electricity machinery / communication equipment* | 855 | 0,3 |
| 33 | Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl. *Manufacture of medical, precision and optical instruments* | 4.514 | 1,5 |
| 34 | Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla *Manufacture of motor vehicles and trailers* | 295 | 0,1 |
| 35 | Framleiðsla annarra farartækja *Manufacture of other transport equipment* | 6.320 | 2,1 |
| 36 | Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði og annar iðnaður *Manufacture of furniture: manufacturing n.e.c* | 3.327 | 1,1 |

| 2005 | | 2006 | | 2007 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðmæti, milljónir króna *Value, million ISK* | Hlutfall *Percent* | Verðmæti, milljónir króna *Value, million ISK* | Hlutfall *Percent* | Verðmæti, milljónir króna *Value, million ISK* | Hlutfall *Percent* |
| **296.242** | **100,0** | **356.755** | **100,0** | **396.483** | **100,0** |
| **194.507** | **65,7** | **241.729** | **67,8** | **281.157** | **70,9** |
| 1.440 | 0,5 | 1.738 | 0,5 | 2.365 | 0,6 |
| 156.966 | 53,0 | 176.550 | 49,5 | 186.789 | 47,1 |
| 101.735 | 34,3 | 115.026 | 32,2 | 115.326 | 29,1 |
| 2.660 | 0,9 | 2.970 | 0,8 | 3.040 | 0,8 |
| 512 | 0,2 | 455 | 0,1 | 432 | 0,1 |
| 3.440 | 1,2 | 3.845 | 1,1 | 3.607 | 0,9 |
| 1.675 | 0,6 | 1.583 | 0,4 | 1.644 | 0,4 |
| 17.917 | 6,0 | 22.567 | 6,3 | 20.426 | 5,2 |
| 10.492 | 3,5 | 9.837 | 2,8 | 11.676 | 2,9 |
| 4.905 | 1,7 | 5.794 | 1,6 | 6.359 | 1,6 |
| 14.696 | 5,0 | 19.861 | 5,6 | 21.107 | 5,3 |
| 41.767 | 14,1 | 67.327 | 18,9 | 90.004 | 22,7 |
| 21.430 | 7,2 | 24.513 | 6,9 | 29.293 | 7,4 |
| 936 | 0,3 | 1.248 | 0,3 | 1.419 | 0,4 |
| 4.756 | 1,6 | 5.480 | 1,5 | 4.063 | 1,0 |
| 398 | 0,1 | 397 | 0,1 | 453 | 0,1 |
| 8.329 | 2,8 | 8.357 | 2,3 | 8.599 | 2,2 |
| 3.923 | 1,3 | 4.231 | 1,2 | 5.207 | 1,3 |

**Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2007**
*Table 2. Sold production 2007*

| Prodcom | | Eining *Unit* | Fjöldi fyrirtækja *Number of enterprises* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **14** | **Nám og vinnsla hráefna úr jörðu, annarra en málma** | | | | **2.364,8** |
| **15** | **Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður** | | | | **186.788,7** |
| 151111 | Nýtt eða fryst nautgripakjöt | kg | 11 | 2.449.208 | 1.928,8 |
| 151113 | Nýtt eða fryst svínakjöt | kg | 12 | 924.083 | 656,2 |
| 15111500 | Nýtt lamba- og kindakjöt | kg | 11 | 3.060.351 | 2.471,5 |
| 15111600 | Fryst lamba- og kindakjöt | kg | 6 | 2.884.181 | 1.842,6 |
| 15111800 | Nýtt eða fryst hrossakjöt | kg | 10 | 654.952 | 210,0 |
| 15111900 | Nýr eða frystur innmatur úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitfé eða hrossum | kg | 5 | 270.437 | 51,1 |
| 151211001 | Nýtt eða kælt kjöt af hænsnum eða kjúklingum | kg | 4 | 7.331.023 | 3.650,3 |
| 151213000 | Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt | • | 2 | .. | 192,2 |
| 15131100 | Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað | kg | 11 | 1.490.348 | 1.233,3 |
| 151311002 | Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 10 | 608.697 | 600,9 |
| 151311009 | Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 5 | 111.625 | 46,6 |
| 1513121 | Pylsur | kg | 9 | 1.601.634 | 1.115,5 |
| 15131225 | Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté | kg | 4 | 343.690 | 249,5 |
| 15131240 | Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti | kg | 13 | 3.313.861 | 2.224,3 |
| 15131260 | Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | kg | 15 | 2.462.293 | 1.929,1 |
| 15131265 | Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti | kg | 15 | 2.242.247 | 1.697,8 |
| 15131290 | Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat | kg | 7 | 1.612.779 | 1.530,0 |
| 15199999 | Slátrun og önnur útseld þjónusta | • | 5 | .. | 485,2 |
| 152011300 | Fersk fisklifur og hrogn | kg | .. | 25.011 | 9,2 |
| 152011900 | Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur | tonn | .. | 20.453 | 15.178,6 |
| 152012100 | Heilfrystur sjávarfiskur | tonn | .. | 109.531 | 11.601,0 |
| 152012500 | Fryst fisklifur og hrogn | tonn | .. | 16.191 | 4.412,3 |
| 152012700 | Fryst fiskflök | tonn | .. | 101.848 | 35.984,4 |
| 152012900 | Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur | tonn | .. | 41.433 | 3.515,0 |
| 152013100 | Fín- og grófmalað fiskmjöl og fiskkögglar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi | tonn | .. | 2.329 | 918,3 |
| 152013300 | Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt | tonn | .. | 13.114 | 6.204,4 |
| 152013530 | Reyktur lax (einnig í flökum) | kg | .. | 48.470 | 53,1 |
| 152013590 | Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld) | kg | .. | 110.814 | 68,9 |
| 152013700 | Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök) | tonn | .. | 45.657 | 17.701,8 |
| 152014110 | Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur) | kg | .. | 6.218 | 5,8 |
| 152014120 | Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld (þ.m.t. í ediklegi, olíu eða kryddlegi, í mauki) (ekki þurrkuð, söltuð, í saltlegi eða reykt) | kg | .. | 683.209 | 119,2 |
| 152014140 | Unninn túnfiskur | kg | .. | 7 | 0,0 |
| 152014190 | Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar) | kg | .. | 295.066 | 73,8 |
| 152014300 | Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk) (ekki reyktur fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi, fiskstautar og kavíar) | kg | .. | 1.318.748 | 495,7 |
| 152014590 | Kavíarlíki | kg | .. | 150.065 | 226,6 |
| 152015300 | Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis | kg | .. | 2.307.382 | 1.780,2 |
| 152015530 | Frystur hörpudiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi | kg | .. | 1.023 | 0,6 |
| 152015590 | Vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir | kg | .. | 939.598 | 212,5 |
| 152016000 | Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h. | tonn | .. | 14.062 | 5.926,3 |
| 152017000 | Mjöl, gróf- og fínmalað, og kögglar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis | tonn | .. | 122.941 | 10.435,4 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2007 (frh.)
*Table 2. Sold production 2007 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Unit* | Fjöldi fyrirtækja *Number of enterprises* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 152018000 | Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs | kg | .. | 28.125 | 402,8 |
| 1532 | Ávaxta- og grænmetissafi | l | 3 | 8.276.307 | 884,0 |
| 1531/1533 | Kartöflur unnar og varðar skemmdur / frystar / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum / fryst | • | 11 | .. | 1.447,7 |
| 15411150 | Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar) | tonn | .. | 65.537 | 6.090,5 |
| 15521000 | Rjómaís og annar neysluhæfur ís (þ.m.t. frauðís og íspinnar) (en ekki blöndur og grunnefni fyrir mjólkur- eða rjómaís) | l | 2 | 3.659.199 | 1.208,5 |
| 15711010 | Húsdýra- og fiskeldisfóður[1] | tonn | 7 | 93.738 | 4.405,3 |
| 15811100 | Nýtt brauð | • | 50 | .. | 4.314,0 |
| 15811200 | Kökur og sætabrauð; aðrar bakaríisvörur blandaðar sætuefnum | • | 48 | .. | 2.431,0 |
| 1582125 | Sætakex og smákökur, vöfflur og kexþynnur | • | 8 | .. | 423,8 |
| 15821390 | Aðrar bakaðar vörur án sætuefna, ótilgreindar annars staðar | • | 37 | .. | 807,6 |
| 15842233 | Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum með fyllingu (þ.m.t. úr rjóma, líkjör eða ávaxtakremi (en ekki súkkulaðikex) | kg | 3 | 140.091 | 114,7 |
| 15842235 | Súkkulaði í plötum eða stöngum með korni, ávöxtum eða hnetum (en ekki fyllt súkkulaði) | kg | 4 | 776.498 | 567,9 |
| 158422901 | Önnur matvæli húðuð eða hjúpuð súkkulaði, svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkrís, karamellur og hlaup | kg | 4 | 984.340 | 591,9 |
| 158422909 | Matvörur með kakói, ótilgreindar annars staðar[2] | kg | 5 | 487.537 | 624,3 |
| 15842390 | Sætindi ótilgreint annars staðar[3] | kg | 4 | 640.104 | 507,0 |
| 158611 | Brennt kaffi | kg | 3 | 728.441 | 674,0 |
| 1587 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla | kg | 10 | 1.842.391 | 606,7 |
| 159610 | Bjór, pilsner og malt | l | 3 | 17.715.585 | 6.919,5 (159610, 159811, 15981230) |
| 159811 | Vatn, þ.m.t. kolsýrt vatn án sætuefna | l | 5 | 19.029.755 | |
| 15981230 | Gosdrykkir (þ.m.t. ölkelduvatn og kolsýrt vatn) með sætu- og bragðefnum | l | 2 | 46.176.714 | |
| | Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar (þ.m.t. mjólkurafurðir) | | | | 16.729,6 |
| | | | | | |
| **17** | **Textíliðnaður** | | | | **3.040,0** |
| 1710 | Forvinnsla og spuni á textíltrefjum | kg | 1 | 655.453 | 247,7 |
| 1740 | Tilbúin textílvara önnur en fatnaður[4] | • | 5 | .. | 573,5 |
| 17521 | Framleiðsla á köðlum, garni og netum | • | 9 | .. | 1.343,2 |
| 17529000 | Viðgerðir á netum og köðlum | • | 10 | .. | 720,3 |
| 177 | Prjónaður fatnaður | • | 4 | .. | 155,3 |
| | | | | | |
| **18/19** | **Fataiðnaður, sútun og litun loðskinna** | | 9 | | **432,5** |
| | | | | | |
| **20** | **Trjáiðnaður** | | 26 | | **3.607,1** |
| | | | | | |
| **21** | **Pappírsiðnaður** | | 3 | | **1.644,2** |
| | | | | | |
| **22** | **Útgáfustarfsemi og prentiðnaður** | | | | **20.426,2** |
| 2211 | Bókaútgáfa | • | 14 | .. | 3.525,8 |
| 2212/2213 | Dagblöð, fréttablöð og tímarit | • | 14 | .. | 8.609,3 |
| 2222 | Prentun | • | 30 | .. | 7.567,9 |
| | Önnur útgáfustarfsemi, prentiðnaður og þjónusta tengd prentiðnaði | | | | 723,2 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2007 (frh.)
*Table 2. Sold production 2007 (cont.)*

| Prodcom | | Eining *Unit* | Fjöldi fyrirtækja *Number of enterprises* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **24** | **Efnaiðnaður** | | | | **11.676,3** |
| 2430 | Málning, þekju-, fylli- og þéttiefni | kg | 3 | 2.310.351 | 1.137,3 |
| | Annar efnaiðnaður | | 14 | | 10.539,0 |
| **25** | **Gúmmí- og plastvöruframleiðsla** | | | | **6.358,5** |
| 251 | Gúmmívöruframleiðsla | • | 3 | .. | 299,8 |
| 25221 | Umbúðaplast | • | 10 | .. | 2.924,1 |
| 25231 | Byggingavörur úr plasti | • | 13 | .. | 1.515,8 |
| | Önnur gúmmí- og plastvöruframleiðsla | | | | 1.618,7 |
| **26** | **Gler-, leir- og steinefnaiðnaður** | | | | **21.107,0** |
| 2611 | Glerplötur | m² | 4 | 14.917 | 87,4 |
| 261211900 | Plötugler (ekki ljóstæknigler) úr nr. 7003, 7004 eða 7005, beygt, unnið á köntum, greypt, borað, gljábrennt eða unnið á annan hátt, án annarra efna | m² | 4 | 132.751 | 194,6 |
| 261212300 | Annað hert öryggisgler, ótilgreint annars staðar | m² | 3 | 24.942 | 341,4 |
| 26121330 | Marglaga einangrunargler | m² | 5 | 118.364 | 718,6 |
| 26611200 | Steyptar byggingareiningar úr sementi, steinsteypu eða gervisteini[5] | • | 10 | .. | 6.268,3 |
| 26631000 | Tilbúin steinsteypa | $m^3$ | 12 | 597.824 | 6.108,3 |
| 2670 | Annar unninn steinn til höggmyndagerðar eða bygginga | • | 4 | .. | 954,1 |
| 26821300 | Malbik | tonn | 3 | 352.552 | 2.041,9 |
| 26821610 | Gjallull, steinull o.þ.h., einnig blönduð, í lausu, í plötum eða rúllum | $m^3$ | 1 | 241.683 | 1.126,3 |
| | Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar | | | | 3.266,1 |
| **27** | **Framleiðsla málma** | | | | **90.003,7** |
| 27102020 | Kísiljárn | tonn | 1 | 114.886 | 8.190,4 |
| 27102090 | Annað járnblendi, ótilgreint annars staðar | tonn | 1 | 23.520 | 312,1 |
| 27421130 | Hreint, óunnið ál | tonn | 3 | 446.297 | 79.862,3 |
| | Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar | | | | 1.639,0 |
| **28** | **Málmsmíði og viðgerðir** | | | | **15.198,1** |
| **29** | **Vélsmíði og vélaviðgerðir** | | | | **14.094,6** |
| **31** | **Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja** | | | | **1.419,2** |
| **33** | **Framleiðsla á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.** | | | | **4.063,3** |
| **34** | **Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla** | | | | **452,8** |
| **35** | **Framleiðsla og viðgerðir annarra farartækja** | | | | **8.599,2** |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2007 (frh.)
*Table 2. Sold production 2007 (cont.)*

| Prodcom | | Eining<br>*Unit* | Fjöldi fyrirtækja<br>*Number of enterprises* | Magn<br>*Quantity* | Verðmæti, millj. kr.<br>*Value mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **36** | **Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður** | | | | **5.206,7** |
| 361 | Húsgagnaiðnaður | • | 36 | .. | 4.475,3 |
| | Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar | | | | 731,4 |
| | **Alls** | | | | **396.482,9** |

[1] Þ.m.t. 15721030 Hunda- og kattafóður.
[2] Þ.m.t. 158422531 Konfekt; 158422902 Páskaegg; 158422903 Íssósur og ídýfur; 158422800 Drykkjarvöruefni með kakói.
[3] Þ.m.t. 158423200 Lakkrís og lakkrísvörur; 15842355 Hálstöflur; 15842363 Sykurhúðaðar töflur; 15842365 Gúmmí og ávaxtahlaup; 15842373 Brjóstsykur; 15842375 Karamellur.
[4] Þ.m.t. 17202000 Ofinn dúkur úr baðmull.
[5] Þ.m.t. 17104200 Framleiðsla á ullargarni, ekki til smásölu.
[6] Þ.m.t. 20302000 Framleiðsla einingarhúsa og byggingareininga úr viði.
[7] Þ.m.t. 2224 Prentsmíð; 223 Fjölfaldaðir gagnamiðlar og fjölfaldað myndefni á myndbandsspólum.
[8] Þ.m.t. 241 Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar; 244 Framleiðsla á lyfjum; 245 Framleiðsla á sápum, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar-efnum og snyrtivörum.
[9] Þ.m.t. 2521 Plötur, rör o.þ.h. úr plastefnum.
[10] Vegna fæðar fyrirtækja er aðeins birt selt magn að gefnu leyfi fyrirtækisins. Verðmætatalan er hér inni í liðnum „aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.
[11] Þ.m.t. 26611150 Þaksteinn, flísar, hellur o.þ.h. vörur úr sementi.
[12] Þ.m.t. 27422230 Hleifar, stangir og prófílar úr hreinu áli.

Hagtíðindi
Statistical Series

**Iðnaður**
***Manufacturing***

93. árgangur nr. 44
2008:1

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-455X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4568 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Hildur Kristjánsdóttir • hildur.kristjansdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
upplysadeild@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*